

**Virgkni á efri árum - Samband og samstaða milli kynslóða**  
**Evrópuár um virgkni aldraðra**  
**Guðrún Pétursdóttir**  
**14. mars 2012**

**Sundur eða saman?**

Velferðarráðherra, fundarstjóri - góðir gestir,

ég vil byrja á því að þakka boðið , sem er bæði óvenjulegt og ánægjulegt.

Ég verð að trúá ykkur fyrir því , að það var ekki fyrr en ég fékk dagskrá þingsins í hendur sem rann upp fyrir mér að ég ætti að tala fyrir munn þeirra sem eldri eru. Ég væri sem sagt fulltrúi eldri kynslóðarinnar. Ég! litla systirin sem hef alltaf verið yngst og vitlausust – og alltaf einhvern veginn bara efnileg og á leið út í lífið!

Þetta eru tímamót! Hingað til hef ég litið í spegil og séð gráu hárin, en aldrei sett þau í samband við neitt – nema að það er ekki eins dýrt að fara í hárgreiðslu eftir að strípurnar komu af sjálfu sér. Ég hef hreinlega ekki tengt þær við aldur!

Kannski er einn galdur við að brúa kynslóðabil einmitt í þessu fólginu – að sjá ekki bilið.

Við maðurinn minn erum svo heppin að hafa lent á skjön við kynslóðirnar þegar við á gamals aldri eignuðumst dætur okkar. Við eignuðumst börn á þeim aldri sem almennilegt fólk eignast barnabörn. Það var þá sem við vildum stofna *Félag aldraðra foreldra*, þangað sem fólk með skyr á öxlinni mætir með koddann sinn og sefur á fundum og fær þar með tveggja tíma svefn þann sólarhringinn.

En með því að eignast börn svona seint opnuðust dyr inn í aðra aldurshópa. Maður átti samleið með börnum vna sinna, sat með þeim á foreldrafundum eða safnaði tómun flöskum til að fjármagna ferðalög grunskólanemendanna. Ólafur beið eftir að sjá hvernig „þessir andkotar klípa af barnabótunum þegar maður fer á ellilífeyrinn“.

Þetta misgengi kynslóða hefur auðvitað haldist fram á þennan dag. – Við höfum notið þess og orðið svolítið aldurslaus – en þó var eitt sem við sáum ekki fyrir. Með því að eignast börn seint, sviptir maður þau samneyti við afa og ömmu, sem falla frá meðan börnin eru enn ung. Og þar glatast mjög dýrmæt sambönd, sem börn þurfa að eiga. Eitthvað sem er öðruvísi en það sem foreldrar geta gefið. Sumar fallegustu endurminningar sem um getur eru einmitt um samband barns við afa sinn eða ömmu. Til dæmis tengsl drengsins við afa sinn og ömmu í Brekkukotsannál, sem reyndar eru mjög svipuð sambandi Indjánadrengsins við afa sinn og ömmu í hinn dásamlegu bók Forrest Carters um Uppvöxt Litla trés. Kannski er þetta samband alls staðar eins, um allan heim - með fölskvalausari og tilætlunarlausri væntumþykju og eðlilegu og óskoruðu trausti. Það er einhver friður og festa yfir sambandi barns við afa og ömmu.

Tíminn kann að vera lykilorð í því sambandi – börn og aldraðir hafa til þessa haft meiri tíma en sú kynslóð sem sér um að draga björg í bú – skaffararnir. Það er eðlilegt að milli aldurs og æsku myndist samband þar sem reynslan er yfirfærð – þar sem þeir reyndu miðla til hinna óreyndu – eðlilega og án mikillar fyrirhafnar. Er það ekki amman sem kennir barni að lesa með bandþrjóni? Varla eru það mamman eða pabbinn sem eru upp fyrir haus í verkefnum. Nei, það er amman, því hún hefur tíma og þolinmæði. Þannig hefur það verið gegnum aldirnar.

Þar til nú. Á örskömmum tíma hafa þessi tengsl verið rofin – þau eru ekki eins sjálfsgöð og áreynslulaus og áður, því þetta fólk hittist einfaldlega miklu sjaldnar. Það þarf að leggja land undir fót til að hittast. Börn fara í heimsókn til afa og ömmu og afa og amma eru gestir heima hjá þeim – og það samband er allt annað.

Búsetuhættir ráða miklu hér um. Sá ytri rammi sem við höfum búið okkur. Hvað réði því að fólk fór að búa í svona litlum einingum? Foreldrar og börn þeirra eru grunneiningin sem allt miðast við.

Það er eins og kynslóðin í miðið – „skaffararnir“ – sé í aðalhlutverki – hennar þarfir og smekkur ráða ferðinni. Almennt þykir fólki þægilegt að vera sjálfs sín ráðandi og þurfa ekki að taka tillit til margra í hversdagslífinu heima hjá sér. Að því leyti er þægilegt að foreldrar búi með börnum sínum einum. En það er bara þægilegt að vissu, afmörkuðu leyti. Það hefur líka ýmsa ókosti í för með sér. Þetta

er svo viðtekið á okkar tímum í þessum heimshluta að það er erfitt að hrófla við því. En er þetta ekki fyrst og fremst ákvörðun kynslóðarinnar í miðið – eiga hinar nokkurt val? Hlutverk kynslóðanna er mjög misjafnt – það er mikið að gera hjá þeirri í miðið – en það er meiri ró yfir börnunum og þeim gömlu – og kannski er hreinlega nauðsynlegt að þau hafi aðgang hvert að öðru – þessar kynslóðir eru kannski „gerðar hvor fyrir aðra“ – börn og aldraðir - griðastaður, athygli og hlýja fyrir börnin og bjartur félagsskapur fyrir gamla fólkið.

Það má segja að aldrei hafi gamalt fólk í okkar heimshluta búið við meira efnalegt öryggi – það vantar ekki þak yfir höfuðið, fæði eða klæði. En hefur gamalt fólk nokkurn tímann verið eins einmana og nú? Ég efa það. Orðið ghattó hefur yfir sér dökkan blæ – hverfi þar sem einsleitum hópi er gert að búa – eins og gyðingaghattóin í Varsjá. Þvinguð búseta ákveðinna hópa. Við viljum ekki svoleiðis. Eða hvað? Er það ekki einmitt það sem við gerum við gamla fólkið í velmegunarsamfélögum Vesturheims? Búum til öldrunarghattó. Við gerum það – og finnum afsökun fyrir því. Það er enginn heima til að sinna öðrum – fólk á nóg með sig. En er þetta boðleg afsökun? Efnalegt öryggi er gott – en andlegt öryggi skiptir meiru.

Ég verð að segja ykkur eins og er, að mér verður illt í hjartanu þegar ég kem inn á öldrunarstofnanir og sé og finn þennan yfirþyrmandi einmanaleika. Þetta er rangt – þetta er óeðlilegt – þetta er ástand sem miðar við hagsmuni ákveðins hluta hópsins á kostnað hinna. Kannski – og vonandi – verður litið til okkar tíma seinna meir með furðu og sagt, sjáiði hvernig þau gerðu þetta! Þau aðgreindu kynslóðirnar – geymdu aldraða á einum stað og börn á öðrum!

Fyrir nokkrum árum var sýnd merkileg heimildarmynd í sjónvarpinu, þar sem mjög ólíkir menningarheimar voru láttnir mætast. Nokkrar hversdagslegar fjölskyldur í Bretlandi voru valdar til að heimsækja Papúu Nýju Gíneu og taka síðan á móti gestum þaðan í nokkrar vikur. Það var magnað að fylgjast með því hvernig gestirnir áttuðu sig á lifnaðarháttum í vestri, sem eru svo gerólíkir þeirra lífi í frumskóginum. Sumir áttu svolítið erfitt með að hemja sig í Hyde Park, þegar villibráð í líki íkorna skaust um allt og mátti ekki elta hana upp í tré ... En eitt sló

mig sérstaklega. Ein fjölskyldan tók gest sinn með sér að heimsækja ömmu á elliheimilið.

Þegar heim var komið um kvöldið, var Gíneumaðurinn þögull. Það var gengið á hann um hvort eitthvað væri að og eftir langa mæðu gaf hann eftir og spurði gestgjafann: Átt þú systkinini?

Hann kvað já við því. Hann ætti systur og tvo bræður.

Eru þau og fjölskyldur þeirra við góða heilsu? spurði gesturinn.

Já það er allt í fínu með þau.

Eru börnin þeirra frísk?

Já – þau eru það.

Og hér á heimilinu eru allir frískir líka, er það ekki? Spurði gíneumaðurinn.

Já – já við erum það.

Hvers vegna er móðir ykkar þá ein – svo langt frá ástvinum sínum? spurði þessi heilbrigða sál, sem sá það sem við viljum ekki sjá, nefnilega að það er óeðlilegt og vont að skilja kynslóðirnar að. Það er ljótt.

Ég held að við verðum að vinda ofan af þessu – og eitt skref í því er að hætta að teikna og byggja box sem passa bara utan um pabba, mömmu, börn og bíl. Það þarf að teikna hús sem leyfa eðlilega og áreynslulítið sambýli fleiri kynslóða og stærri hópa.

Ramminn verður að vera til staðar, þannig að boltinn er að vissu leyti hjá þeim sem hanna byggingar. Það þarf að auðvelda fólki að stíga skrefið.

Kannski verður það hluti af aukinni meðvitund um bættu umgengni okkar við umhverfi okkar og auðlindir, að við lærum – eða jafnvel neyðumst til að læra – að fara betur með. Hætta að sóa svona gegndarlaust. Til er hugtakið „vistspor“ sem mælir hvað hver maður kostar, ef svo má að orði komast. Hvað þarf mikið til að framfæra hvern og einn – fæði, klæði, samgöngur, húsnæði, þjónusta af öllu tagi

og svo framvegis. Þetta hefur verið mælt og reiknað fyrir margar þjóðir. Og haldiði ekki að Íslendingar eigi heimsmetið í þessu eins og svo mörgu öðru! Okkar vistspor er stærra en þeirra í Arabísku furstadæmunum, og stærra en Bandaríkjamanna. Við göngum meira á auðlindir jarðar en nokkur önnur þjóð – við kostum meira – eyðum meiru. Ein leið til að minnka vistspor sitt er að samnýta betur, t.d. húsnæði sitt, heimilstæki og húsbúnað, hita og rafmagn. Fjölskyldueiningin verður efnalega hagkvæmari og kannski líka andlega hagkvæmari – því það eru fleiri á staðnum til að hjálpast að við að láta hlutina ganga og hlúa hvert að öðru. Ég hef stundum sagt, að það sem mig vantar í þessu lífi sé góð kona. Með fullri ást og virðingu á Vestfirðingnum manningnum mínum og ekki vildi ég án hans vera, en það væri dásamlegt að hafa aðra konu á heimilinu.

Það eru ekki nema 3 kynslóðir síðan þetta var hið algenga mynstur – og þá voru ekki bara afi og amma á heimilinu, heldur hinir og þessir ættingjar og vinir. Hver um sig lagði sitt af mörkum eftir getu, allir hjálpuðust að. Það er ekki eins og þeir eldri séu komnir til að setjast upp á börnin sín og gera ekki neitt. Spurningin er um það að fleiri búi saman og það sé álitid eðlilegt. Áður fyrr var sá valkostur að vera einn og út af fyrir sig einfaldlega ekki í boði. Og kannski eigum við að stefna þangað á nýjan leik. Koma okkur á heilbrigðara spor í umgengni hvert við annað, hanna heimili sem rúma marga en gefa á sama tíma nauðsynlegt næði og einrými. Og auðvitað þarf að bjóða sjúkum þjónustu og vistun við hæfi.

Við þurfum að búa í stærri einingum – með fjölskyldu og vinum.

Þar held ég að sé einn lykill að auknu sambandi og samstöðu kynslóðanna. Verum ekki í sundur – verum heldur saman!